

Reykjavík 22. apríl 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til verndar neytendum efnanna, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild. Þingskjal 630 — 335. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi gera ekki sérstakar athugasemdir við tillögu þær sem fram koma í umræddri þingsályktunartillögu um mótun og innleiðingu nýrrar stefnu í vímuefnamálum. Barnaheill taka undir sjónarmið um að mikilvægt sé að vímuefnaneytendur séu ekki jaðarsettir og fái greiðan aðgang að nauðsynlegri félagslegri þjónustu sem og heilbrigðis- og endurhæfingarþjónustu eins og þörf er á, á einstaklingsmiðuðum grunni, ekki síst ef neytendur eru innan við 18 ára. Auk þess er mikilvægt að vinna gegn ofbeldi í undirheimum vímuefnanna, þannig að ofbeldi gagnvart vímuefnaneytendum sé rannsakað á tilhlýðilegan hátt og að vímuefnaneytendur njóti þannig sömu refsiverndar og aðrir borgarar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að styrkja enn frekar forvarnarstarf í vímuefnavörnum og gæta þess í hvívetna að þau skilaboð verði á engan hátt gefin, ef farin verður sú leið að gera vörslu neysluskammta á vímuefnum löglega, að neysla vímuefna sé í lagi eða sé samþykkt sem slík af samfélaginu. Ef farin verður sú leið að gera vörslu vímuefna refsilausa er afar mikilvægt að samhliða verði ráðist í kynningarherferð og skýra fyrir almenningi hvað í því felist, og að markmiðið með refsileysinu sé að auka líkur á því að vímuefnaneytendur njóti sinna sjálfsögðu mannréttinda en ekki að samþykkja neyslu vímuefna.

Börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi, hvort sem þau leiðast inn á brautir vímuefnaneyslu eða ekki, eða þegar foreldrar og forráðamenn þeirra eiga í vímuefnavanda. Þau eiga enn fremur rétt til besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Börnum má ekki mismuna, hvorki á grundvelli aðstæðna þeirra sjálfra eða foreldra eða lögráðamanna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka undir þau sjónarmið að koma eigi fram við vímuefnaneytendur af mannúð og virðingu og hafa skilning á að finna þarf aðrar leiðir til að vinna gegn vímuefnaneyslu en farnar hafa verið á undanförunum áratugum. Boð og bönn leiða ekki alltaf til árangurs, sér í lagi ef um er að ræða fíknisjúkdóma eins og rannsóknir og reynsla hafa sýnt.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri